

FUNDARGERÐ

119. fundar skólanefndar Mýrdalshrepps, haldinn á skrifstofu Mýrdalshrepps, þriðjudaginn 16. nóvember 2004 kl. 17:00.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn skólanefndar. Áheyrnarfulltrúi foreldra mætti ekki. Sveitarstjóri ritaði fundargerð á tölvu. Formaður, Þorgerður Einarsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

I. Grunnskólinn

Á fundinn eru mætt Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri og Gunnar Halldórsson fulltrúi kennara.

1. Skólanámskrá

Afgreiðslu frestað.

2. Bréf menntamálaráðuneytisins dags 16. september 2004 varðandi breytta námsskipan til stúdentsprófs

Lagt fram til kynningar.

3. Skólastarf að loknu verkfalli

Kolbrún kynnti hugmyndir skólastjórnenda um hvernig bregðast skuli við þeirri röskun sem hefur orðið á skólastarfi vegna verkfalls kennara. Kolbrún leggur áherslu á að hugmyndirnar eru ekki fullmótaðar og að aðgerðir síðustu daga gefi þegar tilefni til endurskoðunar. Samþykkt að Kolbrún leggi tillögur fyrir skólanefnd um leið og þær eru fullmótaðar.

Gunnar Halldórsson leggur fram yfirlýsingu frá öllum kennurum við Grunnskóla Mýrdalshrepps:

“Kennarar við Grunnskóla Mýrdalshrepps mættu ekki til vinnu í gær. Þetta lýsir best líðan okkar eftir ljóst var að samningsréttur okkar var fótum troðinn. **Hér eftir munum við mæta til starfa og sinna þeim eftir sem áður að samviskusemi og virðingu við nemendur okkar.**

Kjarabarátta í hartnær átta vikur hefur tekið verulega á. Við erum engan veginn sátt við stöðu mála og munum hvert og eitt íhuga stöðu okkar sem grunnskólakennara á næstu dögum.

Kennarar í Grunnskóla Mýrdalshrepps lýsa yfir furðu og vanþóknun á framgöngu Alþingis í kjaradeilu kennara með lagasetningu á Alþingi síðastliðinn laugardag. Með pennastriki var verkfallsréttur okkar afnuminn og við sett aftur fyrir byrjunarreit.

Í lögum þessum segir að *taka skuli mið af forsendum annara kjarasamninga*. Með því er gerðardómi gert ókleift að ákvarða kjör kennara ísamræmi við ábyrgð, menntun og þá viðmiðunarhópa sem við teljum að sinni sambærilegum störfum. Alþingi hefur með þessari lagasetningu ákveðið einhliða að grunnskólakennarar skuli ekki fá leiðréttingu launa sinna.

Þessi niðurstaða er frá okkar bæjardrym séð grafalvarleg og gróf móðgun og lítilsvirðing við menntun kennara og það faglega skólastarf sem fram fer á Íslandi.

Sú stefna sem nú hefur verið mörkuð fyrir kennara og skólastarfið lýsir að okkar mati sinnuleysi, úrræðaleysi og vanþekkingu. Hún lýsir jafnframt ótrúlegri vanvirðingu við menntunina sjálfa. Hástemmdar ræður stjórnámálanna um menntun sem mátt þjóðarinnar verða hér eftir hjáróma í eyrum okkar.”

Skólanefnd samþykkir eftirfarandi bókun:

”Skólanefnd Mýrdalshrepps lýsir þungum áhyggjum vegna kjaradeilu grunnskólakennara og sveitarfélaganna og hvetur deiluaðila að semja sem allra fyrst. Skólanefnd lítur mjög alvarlegum augum þær aðgerðir kennara að fara ekki að lögum með því að mæta ekki til vinnu mánudaginn 15. nóvember og hvetur skólastjórnendur Grunnskóla Mýrdalshrepps að leita allra leiða til að nemendur Grunnskóla Mýrdalshrepps hljóti þá lögbundnu þjónustu sem þeim ber. Skólanefnd hvetur skólastjórnendur, kennara og foreldra að snúa bökum saman og einbeita sér að skólastarfi í Mýrdalshreppi og taka höndum saman um að hlúa vel að börnum okkar og halda áfram því frábæra starfi sem unnið hefur verið í Grunnskóla Mýrdalshrepps.”

4. Önnur mál

- a) Skólanefnd lýsir ánægju sinni með að sundkennsla er hafin í nýrri sundlaug í Vík.

- b) Ragnheiður vekur athygli á að upplýsingar á heimasíðu skólans eru að hluta til frá fyrra ári. Kolbrún athugar málið.

Kolbrún og Gunnar yfirgefa fundinn.

II. **Leikskólinn**

Á fundinn er mætt Aðalheiður Sigþórsdóttir leikskólastjóri.

1. **Starfsmannamál**

Eva Dögg Þorsteinsdóttir leysir af á þriðjudögum þegar starfsmenn eru í námi og að hluta á mánudögum og miðvikudögum. Líkur eru á að bæta þurfi við einni stöðu frá áramótum. Tvö börn eru á bið eftir að komast að í hádegi en annars er ekki biðlisti.

Aðalheiður yfirgefur fundinn.

III. **Tónskólinn**

Á fundinn er mætt Kristín Waage tónskólastjóri

1. **Skólastarf á vorönn**

Fyrir liggur að Reynir og Kristín munu fara í fæðingarorlof á vorönn. Nákvæmar dagsetningar liggja ekki fyrir en ljóst er að þau verða bæði frá í 4 vikur og Kristín að mestu leyti til vors. Reynir og Kristín leggja fram hugmynd að breyttu skipulagi kennslu á vorönn og telja þau að með því sé hægt að halda uppi kennslu að miklu leyti og búa nemendur undir stigspróf í vor. Taka þarf tillit til þessa varðandi skólagjöld þar sem ljóst er að nemendur fá ekki fullan kennslutíma.

2. **Önnur mál**

Kristín upplýsir að nokkrir nemendur mæti afar illa án þess að fyrir því liggi ákveðnar skýringar.

Nefndin samþykkir að sent verði út aðvörunarbréf til foreldra þar sem minnt verði á ákvæði skólareglna varðandi ástundun og skólavist.

Kristín yfirgefur fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 18:50.

Sigrún Guðmundsdóttir

Þorgerður Einarsdóttir
Formaður

Bergþóra Ástþórsdóttir

Ragnheiður Högnadóttir

Andrína Erlingsdóttir